

Heil og sæl,

Árleg kvörtun.

Enn bætist við í heilsuræktarflórana í Hafnarfjarðarbæ þar sem þjálfarar fá húsnæði hjá bænum til afnota. Nýjasta nýtt er Metabolic Hafnarfirði sem opnaði í byrjun september í íþróttasal Kaplakrika (sjá Fjarðarpóstur bls 3 fimmtudaginn 19. september). Um er að ræða hópprektíma fyrir almenning og er greinilega í samkeppnisrekstri við einkareknar heilsuræktarstöðvar eins og Hress og fleiri hér í bæ. Þessi nýjung bætist við áður auglýsta þrektíma í Haukahúsi, leikfimi í Bjarkarhús og Zumbatíma í Setbergsskóla.

Það er marg sannað að einkareknar stöðvar geta ekki keppt við slíka starfsemi og rýrir tekjumöguleika hjá þeim aðilum sem eru búnir að fjárfesta hér í bæ fyrir hundruð milljóna.

Allt eru þetta einstaklingar sem fá að nota aðstöðu í skólum eða íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðar og sleppa við að fjárfesta í eigin húsnæði, viðhaldi á húsnæði, langtíma vísitölutryggðum leigusamningum, tækjum, starfsfólki og greiða engin opinber gjöld. Að miklu leyti er um svarta atvinnustarfsemi að ræða.

Við rekstraraðlilar Hress erum orðin langþreytt á þessu ástandi og finnst á fyrirtæki okkar og starfsfólki ítrekað vegið.

Í febrúar árið 2008 korteri fyrir efnahagshrun Íslands gerði Hress vísitöltryggðan 10 ára leigusamning við Hafnarfjarðarbæ í Ásvallalaug sem við höfum staðið við þó svo að mikill forsendubrestur hafi orðið á þeim samningi sökum efnahagshrunsins sem Hafnarfjarðarbær sér enga ástæðu til að leiðrétta. Auk þess að borga af þessari stökkbreyttu leigu þá greiðum við af 1000 fermetra atvinnuhúsnæði fasteignagjöld fyrir okkar rekstur. Leiguna og fasteignagjöldin greiðum við ekki bara þegar mikið er að gera heldur allt árið. Það er nokkuð ljóst að á endanum verður erfiðara að standa við slíka samninga ef einstaklingar geta ítrekað farið í samkeppnisrekstur við Hress í húsnæðum Hafnarfjarðarbæjar með litlum sem engum tilkostnaði og hlaupið frá ef dæmið gengur ekki upp.

Við óskum eftir ítarlegum upplýsingum um leigusamninga og útboðsgögn varðandi þessi afnot af eignum Hafnarfjarðarbæ.

Er þetta viðskiptaumhverfið sem fyrirtæki mitt þarf að lifa við hér í bæ? Er Hafnarfjarðarbær tilbúinn að aftengja vísitöluna af leigusamning okkar og gefa okkur afslátt af fasteignagjöldum? Er von á einhverjum úrbótum hjá Hafnarfjarðarbæ um að loka fyrir svona leka? Þurfum við að fara út í þann kostnað að ráða lögmann til að gera úttekt á samkeppnisumhverfi Hress hér í bæ? Hver ber tekjumissinn? Hver græðir?

Ég er þeirra skoðunar að íbúar Hafnarfjarðar hagnist meira á því að heilbrigð samkeppni sé hér í bæ frekar en tímabundin vinagreiði á láni af húsnæðum Hafnarfjarðarbæjar.

Skólahúsnæði er skilgreint sem starfsemi fyrir nema ekki einkaaðila í rekstri. Íþróttafélögin eiga að halda sig við starfsemi sem er viðurkennd af ÍSÍ eða almenna íþróttakennslu fyrir nema. Metabolic og Zumbatímar eru t.d ekki á þeim lista.

Kv Nonni.